

AÐALFUNDUR 2016  
Ávarp stjórnarformanns

## Aðalfundur Íslandsbanka 2016

### Friðrik Sophusson, stjórnarformaður



### Fundarstjóri og ágætu gestir,

Árið 2015 var viðburðaríkt í rekstri Íslandsbanka. Miklar breytingar áttu sér stað m.a. vegna nauðasamninga gömlu bankanna og breytinga á eignarhaldi bankans. Hagnaður bankans eftir skatta nam 20,6 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár var 10,8%. Grunnreksturinn heldur áfram að styrkjast en hagnaður af reglulegri starfsemi var 16,2 milljarðar króna og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var 13,2%. Þóknatekjur jukust og kostnaðarhlutföll lækkuðu.

### Skattar, gjöld og erfið samkeppnisskilyrði

Á síðasta ári greiddi Íslandsbanki 8,6 milljarða samanlagt í tekju- og bankaskatt. Frá árinu 2008 hafa því 48 milljarðar runnið til ríkissjóðs í formi skatta. Bankinn er stór og virkur þátttakandi í íslensku atvinnulífi og greiðir því stoltur sína skatta til samfélagsins. Það má hins vegar benda á að skattar og álögur á íslensk fjármálafyrirtæki eru með því hæsta sem þekkist. Til viðbótar við tekjuskatt, tryggingagjald og aðra hefðbundna skatta og gjöld greiða íslensku bankarnir 5,5% fjársýsluskatt á laun og einnig 6% á hagnað umfram einn milljarð króna. Þar að auki greiða bankarnir svokallaðan bankaskatt sem nemur nú tæplega 0,4% af skuldum umfram 50 milljarða. Bankaskatturinn var hækkaður verulega árið 2013 og var sú hækkun hugsuð sem tímabundin ráðstöfun til að greiða fyrir verkefni ríkisstjórnarinnar til svo kallaðrar leiðréttingar á húsnæðislánum. Það er deginum ljósara að með því að greiða tæplega 0,4% af skuldum í skatt er samkeppnisstaða íslenskra banka verulega skert. Þeir, sem fjárfesta í bönkunum hér á landi í framtíðinni verða að fá fullvissu um að þeir skattar falli niður 2017 eins og gert var ráð fyrir.

Háir skattar og miklar gjaldaálögur auk strangari reglna um eiginfjárbindingu hafa aukið kostnað fjármálafyrirtækja verulega. Þau búa ekki við sömu samkeppnisskilyrði og erlend fjármálafyrirtæki. Talið er að markaðshlutdeild erlendra banka á Íslandi sé um 30% af lánum til fyrirtækja. Auk þess fer skuggabankastarfsemi ört vaxandi – einkum húsnæðislán lífeyrissjóða, sem ekki þurfa að greiða sambærilega skatta og fjármálafyrirtæki né búa við sama regluverk.

## Gífurlegar eignir ríkisins í fjármálafyrirtækjum

Um áramótin nam eigið fé íslensku bankanna 660 milljörðum króna en eignarhlutur ríkisins í eigin fé Íslandsbanka og Landsbankanum nam 467 milljörðum króna. Þessir tveir bankar eru nánast að fullu í eigu íslenska ríkisins. Til samanburðar má nefna, að eignarhlutur ríkisins í tveimur ríkisbönkum nam 19,5 milljörðum króna árið 1997 sem er 48,5 milljarðar króna á núvirði. Fannst þó mörgum á þeim tíma umsvif ríkisbanka heldur mikil. Núna er hlutur ríkisins tífalt stærri á föstu verðlagi. Heildareignir innlánsstofnana nema nú 3.800 milljörðum króna, sem er rúmlega ein og hálf verg landsframleiðsla. Til samanburðar voru eignirnar hins vegar tæplega 10 þúsund milljarðar í upphafi árs 2008 eða sex og hálf landsframleiðsla á þeim tíma.

Með ríkisvæðingunni er eignarhald íslenska ríkisins á bönkunum orðið umtalsvert meira en þekktist víðast annars staðar. Hlutfall eigna ríkisbankanna af heildareignum bankakerfisins hér er nú metin á 71% en það er svipað hlutfall og í Sýrlandi, Hvíta Rússlandi og Indlandi en margfalt hærra en hjá þeim þjóðum, sem við berum okkur yfirleitt saman við. Í þessum samanburði er miðað við að ríkisbanki sé banki þar sem ríkið á yfir 50%.

Því er stundum haldið fram að bankarekstur verði áhættuminni og ekki þurfi að óttast áföll, ef bankar séu í eigu ríkisins. Þessi skoðun stenst ekki í ljósi sögunnar. Opinbert eignarhald hefur þvert á móti verið einn algengasti orsakarvaldur fjármálakreppa og m.a. þess vegna hafa bankar víða verið einkavæddir. Hér á landi eins og annars staðar þurfti ríkið að hlaupa undir bagga með ríkisbanka. Árið 1993 nokkrum árum áður en Landsbankinn var einkavæddur lagði ríkið til hans verulega fjármuni til að hann gæti uppfyllt skilyrði laga um eigið fé. Samtals nam aðstoðin 4, 25 milljörðum á verðlagi ársins 1993, en það jafngildir 11 milljörðum króna á verðlagi dagsins í dag.

Eins og margoft hefur verið sagt á þessum vettvangi á Íslandsbanki langa sögu og djúpar rætur í íslensku fjármálaglæfi. Þegar þrjú einkabankar sameinuðust Útvegsbankanum árið 1990 var ákveðið að sækja nafnið til forvera Útvegsbankans til að leggja áherslu á sjálfstæði banks. Íslandsbanki var því orðinn einkabanki áratug áður en hinir stóru bankarnir voru seldir. Það er eindregin von starfsmanna og stjórnenda bankans að Íslandsbanki verði aftur öflugur einkabanki. Ég tek heilshugar undir þá skoðun fulltrúa, AGS, sem voru hér á landi í síðustu viku, „að leggja () eigi áherslu á að finna trausta kaupendur, helst erlenda banka með gott orðspor“.

## Takmörkuð áhætta af fjárfestingarbankastarfsemi

Eins og marka má af umræðunni sjá margir það sem kost við eignarhald ríkisins að hægt verði að breyta fjármálakerfinu og endurskipuleggja það. Það er auðvitað misskilningur að eignarhald ríkisins sé nauðsynlegt til þess að hagræða í starfsemi fjármálafyrirtækja. Hægt er að lækka kostnað verulega fyrir alla banka með sameiginlegri vinnslu á þeim sviðum, sem samkeppni nær ekki til eins og t.d. með aðild Reiknistofnunar bankanna og hefur Íslandsbanki tekið stór skref til að draga þannig úr kostnaði.

Þá heyrir oft í talað um kerfislega áhættu af því að hafa viðskiptabanka- og fjárfestingabankastarfsemi í sama banka. Sú umræða hefur oft á tíðum verið á villigötum. Íslandsbanki er alhliða banki með fjölbreytta viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Fjárfestingarbankastarfsemi er fyrst og fremst að finna í Mörkuðum Íslandsbanka, sem er sérstakt tekjusvið og að litlu leyti á fyrirtækjasviði. Margir viðskiptamenn annarra sviða nýta sér einnig vissa þjónustu, sem stundum er talin til fjárfestingabankþjónustu t.d. kaup og sölu gjaldeyris. Þess vegna er mjög lítt hluti útlánaáhættu bankans vegna fjárfestingarbankastarfsemi. Með uppskiptingu verður hagkvæmni bankakerfisins minni og kerfislegri áhættu má stýra án þess að skilja að þessa starfsemi að. Íslandsbanki setur sér til að mynda reglur um heildarmörk fyrir markaðsáhættu, heildarmörk fyrir hlutabréfaáhættu og heildarmörk fyrir sölutryggingar. Í þessari umræðu allri má heldur ekki gleymast að bankar, sem eingöngu sinntu viðskiptabankastarfsemi urðu fyrir áföllum og féllu í bankakreppunni rétt eins og fjárfestingabankarnir

## Góðar efnahagshorfur

Enginn getur andmælt því að efnahagur þjóðarinnar hefur batnað mjög mikið að undanfögnu. Árleg landsframleiðsla á mann er nú meiri en hún var mest fyrir hrun bankanna. Atvinnuleysi er svo til horfið og verðbólgan hefur í tvö ár mælst undir markmiðum Seðlabankans, þrátt fyrir verulegar launahækkunar. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa batnað verulega einkum vegna lækkunar olíu- og hrávöruverðs. Útflutningstekjurnar hafa vaxið vegna gífurlegrar fjölgunar ferðamanna til landsins. Eftir þessari þróun hefur verið tekið á alþjóðavettvangi, en þetta gerist á sama tíma og verðhjöðun gætir í nágranna- og viðskiptalöndum okkar með tilheyrandi vandamálum.

Þótt þessi stórkostlegi efnahagsbati sé afar ánægjulegur má ekki gleyma því að skjótt geta veður skipast í lofti. Þegar til lengdar lætur má gera ráð fyrir hækkingum á olíu- og hrávörumarkaði og ferðamannastraumurinn er viðkvæmur fyrir ýmis konar öflum og atvikum. Því þurfum við sem endranær að ganga hægt um gleðinnar dyr og gæta að okkur í uppsveiflunni, en það er einmitt í henni sem hættan er mest á ofmetnaði og mistökum eins og dæmin sanna.

## Losun hafta

Uppgjörð við slitabú föllnu bankanna hefur gjörbreytt landslaginu í skuldamállum þjóðarinnar og skapað forsendur fyrir jafnvægi í viðskiptum hennar við útlönd. Hreinar skuldir þjóðarinnar eru nú um 14% af landsframleiðslu og hafa ekki verið hlutfallslega lægri í hálfu öld. Það er full ástæða til að hrósa stjórnvöldum fyrir það, hve vel hefur tekist í þessum efnum með skynsamlegum aðgerðum.

Næsta stóra skrefið í afnámi hafta verður útboð vegna aflandskróna, en Stjórnvöld hafa boðað að það geti orðið á næstu vikum enda eru skilyrði afar góð um þessar mundir. Í framhaldi af því þarf að tína fram þau tæki og tól, sem nota á til að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins og hagkerfisins alls. Það er ekki einfalt mál fyrir smáriki með sjálfstæða gjaldmynt. Til að vel takist til þurfa allir að leggja hönd á plóg. Stjórnvöld og Seðlabanki bera mestu ábyrgðina, en aðilar vinnumarkaðarins og fjármálakerfið þurfa einnig að axla sína ábyrgð.

Ein stærsta áskorunin á næstunni verður að afnema gjaldeyrishöftin, en tryggja í leiðinni að skammtímahagsmunir erlendra fjárfesta fái ekki að ráða ferðinni á gjaldeyrismarkaði og í íslenskum efnahagsmálum. Núna þykir okkur það sjálfsagður hlutur að losa um höftin. Það er auðvitað ánægjulegt ekki síst í ljósi þess að það tók okkur 63 ár að losna úr fjármagnshöftum, sem komið var á til bráðabirgða í kreppunni 1931. Vonandi tekst vel til enda er það forsenda þess að hægt sé að viðhalda nokkurn veginn frjálsum viðskiptum við önnur lönd.

## Stýrivextir og bindiskylda

Seðlabankinn hefur á undanförunum árum fyrst og fremst beitt stýrivöxtum til að halda verðbólgunni innan viðmiðunarmarka. Stýrivextir hafa því miður haft takmarkaða virkni sem stýritæki m.a. vegna þess að líttill hluti skulda heimila er á fljóttandi óverðtryggðum vöxtum. Vaxtahækkningar hafa því lítil og hægvirkt áhrif á heimilin og fyrirtæki reyna yfirleitt að skila hækkingum úti verðlagið, en það leiðir til enn frekari verðbólgu. Bindiskyldan er hins vegar tól sem hefur skýr og fljótvirk áhrif á bankakerfið. Hún lækkar mælda lausafjárstöðu bankanna og veldur því að þeir þurfa að fara varlegar í útlánum. Þetta sáum við á síðasta fjórðungi síðasta árs. Vandamálið við bindiskylduna er hins vegar að hún virkar einungis á bankana en ekki á skugga-bankastarfseminna. Á sama tíma og Seðlabankinn sagði bönkunum að hægja á ferðinni sáum við mikla sókn í nýjum útlánum frá lífeyrissjóðum og nýjum sjóðum sem stofnaðir voru til útlána. Þó svo að ástæða sé til að fagna samkeppni þá verður hún að vera á eðlilegum grunni. Það er því mikilvægt að Seðlabankinn hugi að því að stýritæki hans nái til allra aðila á lánamarkaði - annars virka þau ekki sem skyldi.

## Tillögur til aðalfundar

Fyrir þessum fundi liggja tillögur í samræmi við hlutafélagalög og reglur um fjármálafyrirtæki. Í fyrsta lagi leggur stjórn Íslandsbanka til að greiddur verði út árður til eigenda allt að 50% af hagnaði sl. árs. Í öðru lagi gerir Bankasýsla ríkisins, sem fer með eignarhald á bankanum, tillögu um fólk í stjórn fyrir næsta starfsár. Í þriðja lagi er flutt tillaga þess efnis að Ríkisendurskoðun verði falið að endurskoða reikninga félagsins, en samkvæmt lögum er fyrirtækjum í meirihlutaeign ríkisins skylt að gera tillögu þess efnis. Á síðasta aðalfundi var endurskoðunarfyrirtækið Ernst og Young ráðið til að endurskoða reikninga bankans og frá því er gengið að svo verði áfram. Í fjórða lagi gerir stjórn bankans þá tillögu að launakjör stjórnar verði þau sömu og á síðasta starfstímabili. Loks verða í samráði við Bankasýsluna fluttar breytingartillögur á starfskjarastefnu bankans í því skyni að endurskoða árangurstengdar greiðslur til lykilstarfsmanna.

Eins og greint var frá nú um helgina hyggst Íslandsbanki flytja höfuðstöðvar sínar í Kópavog síðar á árinu. Af því tilefni er gerð tillaga um breytingar á samþykktum félagsins því til samræmis.

Ljóst er að miklar breytingar verða á stjórn Íslandsbanka á þessum aðalfundi. Aðeins tveir þeirra, sem kjörnir voru á síðasta aðalfundi, sitja áfram í stjórninni en fimm hverfa á braut. Þrír þeirra sem hætta, Árni Tómasson, Marianne Ökland og Neil Brown hafa setið í stjórninni í sex og hálf ár eða frá því að bankinn var endurreistur í núverandi mynd. Eva Cederbalk hefur setið í stjórninni frá síðasta aðalfundi og Gunnar Fjalar Helgason í hálf ár, en hann tók sæti í stjórninni sem varamaður, þegar Þórunn Jónsdóttir sagði af sér sl. haust. Öllu þessu góða fólki vil ég þakka fyrir mikilvægt starf í þágu Íslandsbanka og gott og heilladrjúgt samstarf í stjórn bankans. Ég leyfi mér að færa erlendu stjórnarmönnum sérstakar þakkir fyrir framlag þeirra. Marianne og Neil, sem hafa verið með frá upphafi og Eva, sem kom til liðs við okkur fyrir ári, hafa með yfirburðabeitingu og mikilvæga reynslu í farteskinu lagt mikið af mörkum við að endurreisa bankann og móta framtíðarsýn hans.

## Traust þarf að endurheimta

Á því starfsári, sem nú er að ljúka, hefur stjórn Íslandsbanka haldið 19 stjórnarfundum. Starf stjórnarinnar frá hruninu hefur umfram annað miðað að því að styrkja regluverk og innri verkferla bankans. Stjórn og stjórnendur hafa ásamt starfsfólki lagt sig fram um að bæta starfshætti og vinnubrögð auk þess að efla þjónustu við viðskiptamenn bankans. Mikill árangur hefur náðst í þessum efnum.

Frá hruni bankanna fyrir átta árum hefur traust á stofnunum þjóðfélagsins og grundvallarhugmyndum, sem samfélagið byggist á, mælst afar lítið. Þrátt fyrir að fyrirtæki skapi störf, leggi stóran skerf til hagvaxtar, standi að nýsköpun, taki þátt í menntun starfsmanna, greiði skatta og skili eigendum arði, svarar innan við helmingur aðspurðra í skoðanakönnun Gallups því játandi að áhrif fyrirtækja á íslenskt samfélag séu jákvæð og rúmlega fjórðungur telur áhrifin beinlínis neikvæð. Eðlilega hafa bankarnir ekki farið varhluta af þessu neikvæða viðhorfi, sem versnaði í kjölfar hrunsins. Þess vegna hefur Íslandsbanki litið á það sem forgangsverkefni að endurheimta traust, sem glataðist í bankakreppunni. Áfram þarf að vinna að góðum verkefnum með starfsfólki og eigendum. Þetta er langtímaverkefni, sem krefst þess að bankinn fylgi viðurkenndum og góðum stjórnarháttum, sýni samfélagslega ábyrgð, standi fyrir opinni umræðu og hafi gagnsæi sem leiðarljós í verkum sínum. Það er afar mikilvægt að fyrirtæki og samtök þeirra nýti fjöl- og samfélagsmiðla til að skýra út hlutverk og tilgang atvinnulífsins í landinu.

## Lokaorð

Í lokin vil ég þakka fráfarandi eigendum slitastjórn Glitnis og stjórnarmönnum í í stjórn ISB-Holding fyrir samstarfið. Sömuleiðis færi ég Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum þakkir. Jafnframt þakka ég Bankasýslunni fyrir samstarfið á liðnu starfstímabili og vonast til að það verði sem best á því næsta. Fyrir hönd stjórnar vil ég sérstaklega þakka starfsmönnum og stjórnendum Íslandsbanka fyrir frábært samstarf. Ekki síst ber að þakka Birnu Einarsdóttur bankastjóra, sem hefur verið leiftrandi leiðtogi starfsfólksins í daglegum önnum.

Á næstu vikum og mánuðum mun stjórn Íslandsbanka ásamt stjórnendum og starfsmönnum taka þátt í stefnumótun bankans, sem nú stendur á krossgötum í mörgum skilningi. Öll okkar viðleitni lýtur að því að styrkja starfsemina með hagsmuni viðskiptamanna, starfsfólks og eiganda að leiðarljósi. Til þess að það takist vel þurfum við að varðveita og efla þann mikla metnað sem starfsfólkið hefur tileinkað sér. Þannig verða okkur allir vegir færir.